



Fundargerð

420. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 þriðjudaginn 15. maí 2018. Þetta er 5. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 10 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista og Sverrir Gíslason Ó-lista boða forföll. Í þeirra stað eru mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista og Auður Eyþórsdóttir 1. varamaður Ó-lista. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

18. 1611013 Kaupsamningur Skaftárvellir 26 D og E.

19. 1805014 Kjörskrá Skaftárhrepps til sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018

20. 1805015 Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.

21. Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 22. maí 2018.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Sveitarstjóri fór á fund stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu á Hellu þar sem rædd var framtíðarsýn byggðasamlagsins. Símafundur var haldinn með Umhverfisstofnun og landeigendum Heiðar vegna þess ástands sem er í Fjadrárgljúfri og lagfæringa á svæðinu fyrir sumarið. Sveitarstjóri og lögreglustjórinn á Suðurlandi fóru á fund forsvarsmanns flugrekstrarsviðs Isavia þar sem farið var yfir málefni flugvallarins á Stjórnarsandi. Niðurstaða þess fundar var að óska eftir fundi með fjárveitingarvaldinu. Styrkjum að upphæð 7 milljónum var úthlutað úr verkefnissjóði Skaftárhrepps til framtíðar til margvíslegra verkefna í Skaftárhreppi. Fundur var haldinn með samstarfsaðilum um Skaftárstofu. Lagning ljósleiðara er í fullum gangi í Fljótshverfi og vinna við undirbúning útboðsgagna fyrir 2. áfanga er í vinnslu.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 137. fundar skipulagsnefndar, dags. 14. maí 2018

1. 1710004 Efnistaka í Hverfisfljóti – breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna nýs efnistökusvæði N39 en stærð námunnar er um 1 ha og áformað er að vinna 10.000 m³ vegna framkvæmda við virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi.

JG, BG, DAA og GM samþykkja að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi. KH hafnar tillögunni og óskar eftirfarandi bókunar;

Ég hafna breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna efnistöku í Hverfisfljóti Efnistökusvæði vegna virkjunnar við Hnútu í Hverfisfljóti hefði í för með sér röskun á náttúruminum. Skv. 61. gr. Náttúruverndarlaga þarf brýn nauðsyn að liggja til grundvallar svo réttlæta megi slíka röskun á náttúruminum. Ekki hefur verið sýnt fram á að virkjun Hverfisfljóts falli undir skilgreininguna: „brýn nauðsyn“. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að náttúruverndarlögum nr. 60/2013



segir að „Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ [sé] lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.“ Þessi skilyrði þarf því að uppfylla til að hægt sé að ráðast í framkvæmd sem veldur raski á náttúruminum líkt og eldhraunum.

Ég tek eindregið undir þær athugasemdir sem stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Náttúruverndarsamtök Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands gera við tillögu um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna efnistöku í Hverfisfljóti.

Skipulagsstofnun tiltekur að ofangreint efnistökusvæði sé hluti af framkvæmd sem er í matsferli, sbr. Frummatsskýrsluna „Allt að 9,3 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu, Skaftárhreppi“ og bendir á að við málsmeðferð geti orðið breytingar á fyrirhugaðri virkjun og tengdum framkvæmdum og mælir stofnunin því með að nauðsynlegar breytingar á gildandi aðalskipulagi verði skoðaðar heildstætt þegar álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum virkjunar við Hnútu liggur fyrir.

Ég hafna því alfarið breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna efnistöku í Hverfisfljóti.

EBH, BG, JG og AE staðfesta afgreiðslu JG, BG, DAA og GM. JBJ hafnar tillögunni og tekur undir bókun KH.

2. 1803008 Umsókn um endurnýjun á stöðuleyfi við Kirkjufellsvatn.

Jón Þorsteinsson f.h. veiðifélagsins Kirkjufellssókn sækir um endurnýjun á stöðuleyfi veiðihúss við Kirkjufellsvatn.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu leyfisins og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitastjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

3. 1804001 Laufskálavarða – skipulagslýsing fyrir deiliskipulag.

Lýsing fyrir deiliskipulag í nágrenni við Laufskálavörðu vegna hugmynda um uppbyggingu á ómönnuðu þjónustuhúsi fyrir ferðamenn. Svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Skaftárhrepps þar sem leyfilegt er að starfrækja þjónustu fyrir ferðamenn.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að gerð verði grein fyrir vatnstöku í deiliskipulagi. Skipulagslýsing er samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að óska umsagna og auglýsa lýsinguna skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitastjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi við afgreiðslu næsta liðar.

4. 1805002 Breyting á aðalskipulagi í landi Efri-Víkur og Hrífunes –lýsing

Um er að ræða breytingu þar sem gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði í landi Efri-Víkur og stækkun verslunar- og þjónustusvæðis (V2) við Hrífunes.

Skipulagslýsing er samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að óska eftir umsögnum og auglýsa lýsinguna skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitastjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

BV
KH



5. Umsókn um stöðuleyfi á Sandhóli í Meðallandi

Örn Karlsson fh. Pecus ehf. kt. 411214-0440 leggur fram umsókn um stöðuleyfi gámaskjólís fyrir útgangshjörð nautgripa á Sandhóli í Meðallandi.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og vísar málinu til byggingarfulltrúa til nánari skoðunar.

Sveitastjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

6. 1804001 Umsókn um stöðuleyfi fyrir salernishúsi við Laufskálavörðu

Arnór Sigfússon fh. Sannra landvætta kt. 421116-1640 sækir um stöðuleyfi fyrir 60m² salernishúsi við Laufskálavörðu.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfisins til eins árs með fyrirvara um að staðsetning vatnsbólís og rotþróar verði staðsett í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu. Skipulagsnefnd bendir á að ekki er búið að samþykkja deiliskipulag á svæðinu og sækja þarf um byggingarleyfi verði það samþykkt.

Sveitastjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

7. 1805013 Stofnun lóðar í Hvammi í Skaftártungu

Oddsteinn Kristjánsson kt. 291128-3789 sækir um stofnun lóðar úr landi Hvamms 1, landr. 163377. Lóðin verður 19296 m² með íbúðarhúsi með fastanúmerið 218-9650.

Skipulagsnefnd samþykkir stofnun lóðarinnar og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitastjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

8. 1608020 Framkvæmdaleyfi við Fjaðrárgljúfur

Umhverfisstofnun sækir um framkvæmdaleyfi til lagfæringa á göngustíg og aðkomu í Fjaðrárgljúfri.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfisins með fyrirvara um samþykki landeigenda. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitastjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. 1701001 Fundargerð 154. fundar fræðslunefndar, dags. 14. mars 2018

Kirkjubæjarskóli á Síðu

7. Önnur mál

b) Gjöf til Kirkjubæjarskóla. Sólrún Ólafsdóttir á Kirkjubæjarklaustri kom færandi hendi í Kirkjubæjarskóla í dag og færði skólanum að gjöf fullkominn upptökubúnað. Fræðslunefnd færir Sólrúnu bestu þakkir fyrir gjöfina og þann hug sem henni fylgir.

Sveitarstjórn kann Sólrúnu einnig bestu þakkir fyrir velviljann.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1701001 Fundargerð 155. fundar fræðslunefndar, dags. 30. apríl 2018

Fræðslunefnd

4. Læsisstefna Skaftárhrepps

130
[Handwritten signature]



Fræðslunefnd samþykkir Læsisstefnu Skaftárhrepps (Læsi til framtíðar), fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn samþykkir stefnuna og þakkar stjórnendum fræðslustofnanna og fræðslunefnd fyrir vinnu sína við gerð læsisstefnunnar

Kirkjubæjarskóli

4. Læsisstefna

Skólastjóri kynnir f.h. Kirkjubæjarskóla, hlið skólans varðandi læsisstefnu Skaftárhrepps (Læsi til framtíðar).

Sveitarstjórn samþykkir stefnuna.

5. Starfsmannamál

Skólastjóri greinir frá breytingum á starfsmannahaldi. Jafnframt segir Kjartan skólastjóri frá því að hann hafi ákveðið að hætta störfum við Kirkjubæjarskóla í lok þessa skólaárs. Fræðslunefnd þakkar Kjartani Hjalta Kjartanssyni fyrir störf hans í þágu skólasamfélagsins í gegnum árin og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Fræðslunefnd leggur til að staða skólastjóra við Kirkjubæjarskóla á Síðu verði auglýst sem fyrst.

Sveitarstjóri hefur þegar auglýst starfið.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1701001 Fundargerð 156. fundar fræðslunefndar, dags. 9. maí 2018

Heilsuleikskólinn Kærribær

2. Læsisstefna

Fræðslunefnd samþykkir læsisstefnu Heilsuleikskólans Kærabæjar, fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn staðfestir læsisstefnuna.

4. Önnur mál

a) Eineltisstefna

Fræðslunefnd samþykkir eineltisstefnuna fyrir nemendur Heilsuleikskólans Kærabæjar fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn staðfestir stefnuna.

Fræðslunefnd

1. Reglur um skólaakstur

Fræðslunefnd samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn þakkar fræðslunefnd fyrir sína vinnu við reglurnar. Sveitarstjóra falið að bæta við reglurnar umfjöllun um þátttöku foreldra í skólaakstri í samræmi við 4. gr. 4. mgr. í reglum um skólaakstur grunnskóla nr. 656/2009 ásamt umfjöllun varðandi akstur leikskólabarna í dreifbýli. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

5. 1603011 Fundargerð 119. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 2. maí 2018

1. Ársreikningur Klausturhóla

3v
10/18



Sveitarstjóri fer yfir ársreikning með rekstrarnefnd. Rekstrartekjur Klausturhóla voru á árinu 212.326 þús.kr. og rekstrargjöld 163.511 þús.kr. Rekstrarniðurstaða Klausturhóla er jákvæð um 49.861 þús.kr. Hluti skýringar á góðri afkomu er að ríkið yfirtók lífeyrisskuldbindingar að upphæð 31 millj.kr sem færast einnig sem tekjur hjá heimilinu en sé ekki tekið tillit til yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum er rekstrarafgangur heimilisins um 18 millj.kr. Handbært fé frá rekstri var um 70 millj. kr. um áramót.

Rekstrarnefnd þakkar hjúkrunarfólki og starfsfólki fyrir ráðdeild og góða samvinnu við rekstur heimilisins á árinu 2017. Rekstrarnefnd samþykkir að vísa ársreikningi Klausturhóla til sveitarstjórnar Skaftárhrepps og þakkar fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf á kjörtímabilinu sem er að líða.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með jákvæða niðurstöðu ársreikningsins og samþykkir hann með undirritun sinni. Sveitarstjórn þakkar rekstrarnefnd fyrir vel unnin störf á kjörtímabilinu og hjúkrunarforstjóra fyrir hennar framlag til heimilisins.

4. Erindi til velferðarráðherra

Sveitarstjóri fer yfir erindi sem hjúkrunarforstjóri og sveitarstjóri hafa sett saman til Heilbrigðisráðherra vegna beiðni um fjölgun hjúkrunarrýma á Klausturhólum. Erindið fjallar um vannýtt húsnæði sem er til staðar á Klausturhólum. Ljóst er að pláss er í húsnæðinu. Sveitarstjóri og hjúkrunarforstjóri óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra vegna málsins.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir erindið.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

6. 1607017 Fundargerð 80. fundar menningarmálanefndar, dags. 6. mars 2018

1. 1802009 Ályktun fyrir Skaftárhrepp – Arfabót

Okkar ályktun er sú að við fögnum því að verið er að vinna við rannsóknir á fornleifum í Skaftárhreppi en viljum jafnframt benda á að fjárhagsáætlun 2018 gerir ekki ráð fyrir þessu verkefni.

Málið hlaut afgreiðslu sveitarstjórnar á 418. fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

7. 1604031 Fundargerð 54. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 17. apríl 2018

II. Önnur mál

Reglur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála og um framsal valds.

Bókun: Félagsmálanefnd samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

9. 1706014 Fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 24. apríl 2018

1. Staða mála, lántaka vegna framkvæmda

Sverrir Magnússon safnsstjóri lagði fram skýrslu um framkvæmdir frá 2014 til 2017 fór yfir stöðu mála varðandi rekstur safnsins og framkvæmdir. Heildarkostnaður vegna framkvæmda á þessu tímabili er um 180.000.000. Safnið hefur greitt liðlega 90.000.000 kr. af sjálfssaflafé vegna framkvæmdanna. Safninu stendur til boða lán að upphæð kr. 40.000.000 með 2,58%

BV
UBJ



föstum vöxtum til 16 ára með 32 afborgunum hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Einnig kom fram hjá safnsstjóra að frá fyrri lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga fóru 55.000.000 til uppgreiðslu á óhagstæðari lánnum sem safnið hafði tekið.

Samþykkt af stjórn Skógasafnsins.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Skógasafns hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 40.000.000 kr. til 16 ára, í samræmi við [samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja]/[lánstilboð sem liggur] fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Skógasafni. Sveitarstjórnin veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna nýtt anddyri og frágangs bílastæða, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Skógasafns til að breyta ekki ákvæði samþykta Skógasafns sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Skaftárhreppur selji eignarhlut í Skógasafni til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skaftárhreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Söndru Brá Jóhannsdóttur kt. 240179-2969, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Skaftárhrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánessamninginn.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1711010 Ársreikningur Skaftárhrepps 2017- síðari umræða

Ársreikningur 2017 var til fyrri umræðu þann 5. apríl sl. undirritaður af sveitarstjóra. Í A-hluta rekstrarreiknings voru heildartekjur 552,4 millj.kr sem skiptast í skatttekjur 340 millj.kr, framlög jöfnunarsjóðs 108 millj.kr og aðrar tekjur 103 millj.kr. Rekstrargjöld voru 487 millj.kr og afskriftir 13,8 millj.kr. Fjármagnsgjöld voru 3,9 millj.kr og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 47,8 millj.kr. Heildartekjur samstæðu voru 566 millj.kr og rekstrargjöld 491 millj.kr, afskriftir 15,6 millj. rekstrarniðurstaða samstæðu var jákvæð um 53,2 millj.kr.

Eignir samstæðu voru samtals 697 millj.kr þar af handbært fé 173 millj.kr. Eigið fé samstæðu nam 444 millj.kr og skuldir og skuldbindingar 252,6 millj.kr. Veltufé frá rekstri samtæðu var 72,7 millj.kr og afborganir langtímalána 18 millj.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum var 42 millj. kr. Engin ný lán voru tekin á tímabilinu.

Sveitarstjórn þakkar stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag við rekstur sveitarfélagsins sem hefur skilað sér í góðri rekstrarniðurstöðu ársins 2017. Sveitarstjórn fagnar góðri fjárhagslegri afkomu sveitarfélagsins sem gerir sveitarstjórn kleift koma til móts við vaxandi þörf á þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Ýmis verkefni eru í farvatninu og ánægjulegt að ekki þurfi að fara í miklar lántökur við fjármögnun þeirra. Sveitarstjórn samþykkir ársreikning 2017 og staðfestir hann með undirritun sinni.

Jóhannes Gissurarson óskar bókunar;



Ég fagna þeirri góðu niðurstöðu í rekstri sveitarfélagsins sem fram kemur í þeim ársreikningi sem hér er til afgreiðslu. Þeim árangri má m.a. þakka almennt betri rekstrarskilyrðum sveitarfélaga, auk aðhaldssamri fjármálastjórn sl. ára sem hófst á kjörtímabilinu 2010-2014 með gagngerri endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins í samvinnu við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Abyrg fjármálastjórn er ein af forsendum vel rekens samfélags.

2. 1805012 Tillaga að breytingum á mötuneytisreglum í Kirkjubæjarskóla
Sveitarstjórn þakkar tillögurnar og felur sveitarstjóra að kynna það fyrir foreldrum í samstarfi við skólustjóra. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.
3. 1608020 Málefni Fjaðrárgljúfurs og landvarsla á láglandi
Í ljósi svars umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Birni Levi Gunnarssyni um landvörslu (Þingskjal 823 — 384. mál.) þar sem fram kemur að landvarsla í Skaftárhreppi muni dragast saman úr 51 vikum 2017 í 29 vikur 2018 vill sveitarstjórn Skaftárhrepps koma eftir farandi á framfæri.

Í sveitarfélaginu eru nokkrir fjölsóttir ferðamannastaðir og er Fjaðrárgljúfur þar vinsælast. Tæplega 300.000 manns komu þangað árið 2017 sem var 82% aukning frá árinu áður. Innviðir svæðisins bera ekki þennan fjölda en með landvörslu út árið 2017 náðist að halda í horfinu. Landvarsla hætti á svæðinu um áramót og hnignaði þá svæðinu ört. Í skýrslu landvarða kemur skýrt fram að þegar landvörður er ekki á staðnum virða ferðamenn ekki þær reglur sem gilda og ferðahegðun breytist. Um miðjan mars var svo komið að svæðinu var lokað fyrir allri umferð og er svo enn.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur óásættanlegt að svæðið verði aftur án eftirlits landvarðar. Fá svæði á Íslandi njóta álíka hylli og Fjaðrárgljúfur og er það skylda okkar að vernda náttúru þess og nýta það með sjálfbærum hætti. Landvarsla á svæðinu allt árið er grundvöllur þess. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda bókun á viðeigandi staði og óska eftir fundi með Stjórnstöð ferðamála.

4. 1804002 Lóðarleigusamningar innan þjóðlendna. Forsætisráðuneytið. dags. 25.04.2018.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps bendir á að nú þegar er til lóð um afréttarskála og allar þær byggingar sem eru á lóðinni nýtast fyrir gangnamenn á hausti. Því hefur sveitarstjórn ekki séð ástæðu til þess að skipta lóðinni upp í minni lóðir vegna aðstöðuhúsanna þar sem allar byggingarnar eru í eigu sama aðilans sem er Veiðifélag Skaftártunguafreittar sem samanstendur af öllum þeim aðilum sem jafnframt eiga upprekstrarétt á Skaftártunguafreitti.
5. 1701015 Styrkur úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða og landsáætlun um uppbyggingu innviða 2018-2020.
Sveitarstjórn samþykkir að hafna styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða að upphæð 1.100.000,- til lagfæringar á mosapekju í Eldhrauni þar sem verkefnið stangast á við styrk Kötlu jarðvangs að upphæð 28.000.000,- sem fékkst úr landsáætlun um uppbyggingu innviða 2018-2020 til lagfæringar og uppbyggingar í Skaftáreldahrauni. Ekki er hægt að fá styrk úr báðum sjóðum í sambærileg verkefni.

Eva Björk Harðardóttir lýsir vanhæfir við afgreiðslu næsta liðar og felur sveitarstjóra að taka við stjórn fundarins.



6. 1805003 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II frá Bakkagerði 4 ehf. vegna Selhólavegar 9, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 16.04.2018
Sveitarstjórn hafnar veitingu leyfisins þar sem Selhólavegur 9 er í skipulagðri frístundabyggð. Leyfisskyld starfsemi rúmast ekki innan frístundabyggðar samkvæmt skilgreiningu í aðalskipulagi Skaftárhrepps. Sveitarstjórn bendir á að gera þarf breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps eigi að vera heimilt að vera með atvinnustarfsemi á svæðinu.

Eva Björk kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.
7. 1805004 Fundarboð á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands 23. maí 2018 – tilnefning fulltrúa. Eignarhaldsfélag Suðurlands, dags. 07.05.2018.
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra umboð til að fara með atkvæðisrétt fyrir hönd Skaftárhrepps á aðalfundi Eignarhaldsfélags Suðurlands.
8. 1805005 Beiðni um leyfi til að halda akstursíþróttamót í landi Ásgarðs 26. maí 2018. Vélhjólaiþróttaklúbburinn Vík, dags. 26.05.2018
Sveitarstjórn Skaftárhrepps veitir leyfi fyrir sitt leyti að því gefnu að önnur nauðsynleg leyfi liggi fyrir.
9. 1805006 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II frá Jónu Lísu Gísladóttir vegna Flögu 2. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 08.05.2018.
EBH, JBJ, JG og AE gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu að málinu á síðari stigum.
10. 1805007 Úttektir slökkviliða 2017, Skaftárhreppur. Mannvirkjastofnun, dags. 02.05.2018.
Sveitarstjórn þakkar ábendingarnar. Ýmsar úrbætur hafa þegar verið gerðar síðan úttektin var gerð og eru aðrar komnar í ferli. Slökkviliðsstjóra falið að skoða kaup á vinnu við aðstoð við gerð brunavarnaráætlunar fyrir sveitarfélagið.
11. 1805008 Tilboð frá Dattaca Labs vegna innleiðingar nýrra persónuverndarlöggjafar, dags. 09.04.2018
Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði að upphæð 2,4 millj. frá Dattaca Labs til að aðstoða stofnanir sveitarfélagsins við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar. Tekið af lið 2140-4990.
12. 1710007 Erindi til sveitarstjórnar Skaftárhrepps varðandi aðgengismál í Skaftárstofu, Þjóðgarðsvörður Fanney Ásgeirsdóttir, dags. 11.04.2018
Sveitarstjórn þakkar erindið og telur málið í góðum farvegi.
13. 1805009 Skólastjóri Kirkjubæjarskóla á Síðu
Fyrir fundinum liggur uppsögn frá Kjartani H. Kjartanssyni skólastjóra Kirkjubæjarskóla á Síðu. Starf skólastjóra hefur þegar verið auglýst. Sveitarstjórn þakkar Kjartani fyrir óeigingjarnt starf í þágu Kirkjubæjarskóla undanfarna áratugi og óskar honum velfarnaðar til framtíðar.
14. 1608013 Bannað að tjalda og hvað svo? Benedikt Lárusson, dags. 03.05.2018.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið. Búið er að útbúa skilti þar sem fram kemur að ekki megi hafa næturgistingu og verða þau skilti sett niður við plön sveitarfélagsins á



Kirkjubæjarklaustri fyrir sumarið. Bréfitara er bent á að landeiganda er heimilt að vísa frá þeim sem tjalda/gista í óleyfi á hans landi ásamt því að lögreglan hefur verið að vísa fólki í burtu. Sveitarfélagið lítur því svo á að um samstarfsverkefni allra aðila sé að ræða. Sveitarstjórn bendir á að samþykktin er þegar til staðar á vefsíðu sveitarfélagsins og eru ferðapjónustuaðilar og aðrir þeir sem kynna svæðið hvattir til að nýta sér að auglýsa hana með öðru sínu kynningarefni. Ekki stendur til að þýða samþykktina yfir á önnur tungumál en öllum þeim sem vilja er frjálst að gera það og koma á framfæri í sínu kynningarefni.

15. 1710007 Endurskoðaður samstarfssamningur um Skaftárstofu – upplýsingamiðstöð
Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra aðila og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir sína hönd.
16. 1805010 Tuttugu ára afmæli Hróksins, heimsóknir í öll sveitarfélög – styrkbeiðni. Hrafn Jökulsson, dags. 12.04.2018
Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 25.000 kr. í verkefnið. Tekið af lið 2140-9191
17. Trúnaðarmál
Fært í trúnaðarmálabók.
18. 1611013 Kaupsamningur Skaftárvellir 26 D og E
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að festa kaup á tveimur íbúðum á Skaftárvöllum 26 D og E á Kirkjubæjarklaustri fastanúmer 236-0000 af RR Tréverk kt. 540706-1580 að upphæð 45.000.000 kr. Jafnframt veitir sveitarstjórn Skaftárhrepps Söndru Brá Jóhannsdóttur kt. 240179-2969 fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita kautilboð, kaupsamning og afsal, svo og öll önnur nauðsynleg skjöl, er varða kaup Skaftárhrepps kt. 480690-2069 á ofangreindri eign svo og inna af hendi greiðslur.
19. 1805014 Kjörskrá Skaftárhrepps til sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018
Sveitarstjóri leggur fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá vegna sveitarstjórnarkosninga sem fara eiga fram 26. maí 2018. Á kjörskrá eru 356. Sveitarstjóra falið að undirrita hana. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar, úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí nk. í samræmi við 10. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
20. 1805015 Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra umboð til að fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundinum.
21. Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 22. maí 2018
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra umboð til að fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi byggðasamlagsins.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 859. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. dags. 27. apríl 2018.
Fundargerð kynnt.
2. Fundargerð 186. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. dags. 03.05.2018. *Fundargerð kynnt.*



3. Fundagerð 531. Fundar stjórnar SASS, dags. 06.04.2018. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundagerð 31. Fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 24.04.2018. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundagerð verkefnisstjórnar Skaftárhrepps til framtíðar, dags. 03.05.2018. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1805011 Greining á rekstrargrundvelli félagslegra leiguíbúða í sveitarfélögum. Varasjóður húsnæðismála, dags. 21.03.2018. *Kynnt.*
2. Kynning frá blaðamannafundi vegna Íbúakönnunar landshlutanna 2017. *Kynnt.*
3. Umsögn Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi um frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak., mál nr. 287. *Kynnt.*
4. Styrkumsókn Skaftárhrepps í styrkvegasjóð 2018. *Kynnt.*
5. Aðstoð við gerð og endurskoðun brunavarnaráætlana. Inspectionem, dags. 27.04.2018. *Kynnt.*
6. Tilkynning um arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2017, Lánasjóður sveitarfélaga, dags. 09.04.2018. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður föstudaginn 8. júní 2018
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið kl. 17:17


Eva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurarson


Jóna Björk Jónsdóttir


Bjarki Guðnason


Auður Eypórsdóttir